

**Akureyri 19. apríl 2012**

**Ályktun um frumvarp ríkisstjórnarinnar um stjórn fiskveiða og veiðileyfagjald sem samþykkt var á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 17. apríl 2012.**

Aðalfundur Einingar-Iðju 2012 skorar á ríkisstjórn Íslands að framkvæma ítarlega rannsókn á hagrænum og félagslegum afleiðingum þeirra breytinga sem frumvörp um stjórn fiskveiða og veiðigjald munu hafa í för með sér á sjávarbyggðir, sjávarútveg, starfsöryggi og kjör launafólks í greininni.

Við innleiðingu slíkra breytinga er nauðsynlegt að fara varlega af stað í upphafi til þess að kollvarpa ekki greininni. Eftir tvö til þrjú ár er nauðsynlegt að staldra við og meta áhrif breytinganna áður en framhaldið verður ákveðið.

Einnig þarf að hafa í huga og taka tillit til misjafnar stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Sum fyrirtæki eru mjög skuldsett eftir kaup á kvóta, á meðan önnur fyrirtæki hafa lítið sem ekkert fjárfest í tækjum og búnaði á síðustu árum. Aðalfundur Einingar-Iðju hvetur því stjórnvöld til að stilla skattheimtu í hof þannig að hún hamli ekki endurnýjun og fjárfestingu í greininni. Ef farin er varúðarleið í upphafi og sérstaka veiðigjaldið haft lægra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu er tekið tillit til mismunandi stöðu fyrirtækja og byggðarlaga og þeim gefinn kostur á að laga sig að breyttu umhverfi með hagsmuni fiskvinnslufólks og sjómanna að leiðarljósi.

Félagið tekur undir umsagnir um frumvörpin frá Alþýðusambandi Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands.

Eining-Iðja er félag með um 800 manns er vinnur í fiskvinnslu á Eyjafjarðarsvæðinu frá Siglufirði til Grenivíkur og Hrísey og Grímsey

F.h. Einingar-Iðju

Björn Snæbjörnsson formaður